



282. Stjórnarfundur haldinn 15. febrúar 2007 kl:18:30
Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir og Guðjón.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá : Hugur/AX v/ breytinga á vsk, UMFÍ leiðtoganám íþróttakademíunnar og UMFÍ og afrit af tilkynningu um íþróttaslys frá fimleikadeild. Ákveðið að veita 20.000 kr. styrk til okkar stjórnarmanna sem sækja leiðtoganámskeiðið. Framkvæmdastjóra falið að láta deildir vita.

3. Send bréf.

Engin.

4. Aðalfundur félagsins 2007.

Undirbúningur á lokastigi. Búið að fá fundarstjóra og fundarritara. Farið yfir þá sem hljóta viðurkenningu fyrir fimm- og tíu ára stjórnarsetu. Skoðunarmenn reikninga hafa farið yfir reikningana og skrifað undir þá. Gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum og skrifuðu stjórnarmenn undir þá.

5. Formannafundur.

Dagskrá liggur fyrir. Formaður fór yfir dagskrána og hvaða áherslur væru í henni.

6. Önnur mál.

Landsmót UMFÍ í Kópavogi 5. – 8. júlí 2007. Aðalstjórn leggur áherslu á að senda fjölmennt lið til þátttöku. Kannað verður með hlýja yfirhöfn sem yrði okkar búningur á Landsmótinu. Rætt verður um Landsmótin á formannafundinum.

Formaður sagði frá því hvað væri að döfinni hjá UMFÍ, formannafundur 30. mars á Laugarvegi 170 Reykjavík, samráðsfundur 19. og 20. maí á Höfn og þing 20. og 21. október 2007 væntanlega á Þingvöllum. Sigurvin kom inn á að staðið verði að íþrótt- og forvarnarverkefni á vegum Keflavíkur. Stjórnarmenn tóku vel í hugmyndina og málinu frestað til næsta stjórnarfundar eftir aðalfund félagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:55

